

## Fundargerð

### 1. fundur stjórnar Fiskeldissjóðs

11. mars 2021

**Fundarstaður:** Fundurinn fór fram sem fjarfundur á teams.

**Fundarmenn:** Haraldur Líndal Haraldson, formaður, og stjórnarmennirnir Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson. Frá atvinnuvega- og nýsköpunráðuneyti sat Kolbeinn Árnason fundinn.

**Fundartími:** 10:00 – 11:00

1. Lagt fram bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra dags. 15. febrúar 2021 um skipun í stjórn Fiskeldissjóðs til fjögurra ára. Formaður er Haraldur Líndal Haraldsson skipaður án tilnefningar og meðstjórnendur Álfheiður Ingadóttir, tilnefnd af forsætisráðherra og Kjartan Dige Baldursson, tilefndur af fjármála- og efnahagsráðherra. Varamenn eru skipaðir með sama hætti: Ása Þórhildur Þóradóttir, Orri Páll Jóhannsson og Guðrún Birna Finnsdóttir.

2. Verkefni fiskeldissjóðs, hlutverk stjórnar

Verkefni fiskeldissjóðs rædd. Farið var yfir ákvæði laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, sérstaklega 7. gr. þeirra sem fjallar um verkefni sjóðsins og hlutverk stjórnar.

Rætt um að setja upp og hanna vefsíðu fyrir sjóðinn.

2. Drög að reglugerð um fiskeldissjóð

Farið var yfir drög að reglugerð um fiskeldissjóð sem þegar hefur verið kynnt á samráðsgátt Stjórnarráðsins ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2572](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2572)). Þá var farið yfir þær athugasemdir sem fram komu í samráðsgáttinni. Sérstaklega voru ræddar athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga, en ýmislegt í þeim athugasemdum þarf að skoða vel áður en lengra er haldið.

Ákveðið að gera tillögur til breytingar á drögum að reglugerð samhliða þróun og gerð starfsreglna stjórnar og úthlutunarreglna sjóðsins.

3. Verklagsreglur/úthlutunarreglur

Verklags- og úthlutunarreglur ýmissa sjóða á vegum hins opinbera voru kynntar, sbr. samantekt í fylgiskjali 1. Eftir nokkrar umræður ákvað stjórnin að heppilegast væri að byggja upp úthlutunarreglur sjóðsins að fyrirmynd úthlutunarreglna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Lagt var fyrir ANR að setja saman drög á þeim grunni fyrir næsta fund stjórnar.

Þá var lagt fyrir ANR að setja saman drög að starfsreglum stjórnar fyrir næsta fund.

#### 4. Samráð

Rætt var að mikilvægt væri að eiga náið samstarf við hagaðila sjóðsins við gerð úthlutunarreglna og reglugerðar. Þar var fyrst og fremst rætt um Samband íslenskra sveitarfélaga og þau sveitarfélög sem ætla má að geti sótt um styrki til sjóðsins. Ákveðið var að bíða með ákvarðanir um hvernig slíku samráði verði best háttað þar til frekari mynd verður komin á drög að úthlutunarreglum.

#### 5. Tímalína

Talað um að halda þurfi vel á spilum þannig að mögulegt verði að úthluta styrkjum ársins 2021. Flýta þurfi vinnu við gerð reglugerðar, úthlutunarreglna, starfsreglna og heimasíðu til að úthluta megi styrkjum fyrir árið.

#### 6. Þóknun stjórnar

Fulltrúi ANR upplýsti að mistök hafi verið gerð þegar skipunarbréf hafi verið útbúin, en ætlunin sé að greiða stjórnarmönnum Fiskeldissjóðs á grundvelli nefndareininga eins og venja er í sjóðum sem þessum. Frekari upplýsingar um þetta fyrirkomulag verða teknar saman og sendar stjórnarmönnum.

#### 7. Önnur mál

Farið var yfir hvort venja væri að veita stjórnarmönnum í sjóðum af þessu tagi einhverskonar tryggingu eða yfirlýsingu um skaðleysi vegna starfs sinna. ANR tók að sér að kanna þetta.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð ritaði Kolbeinn Árnason.

## Fylgiskjal nr. 1.

Minnisblað frá Kolbeini Árnasyni, lagt fram á fyrsta fundi stjórnar Fiskeldissjóðs, 11.03.2021

### Fiskeldissjóður

- Þó nokkuð til af gögnum sem hægt væri að nýta við mótun úthlutunarferlis Fiskeldissjóðs. Þeir sjóðir hjá okkur sem helst eiga við eru Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóður og Matvælasjóður.
- Helst myndi ég telja að Framkvæmdasjóðurinn gæti komið okkur á sporið og ég er búin að taka saman það helsta sem mér dettur í hug að mætti nýta úr honum hér fyrir neðan.
- Einnig mætti horfa til Sprotasjóðs leik-, grunn- og framhaldsskóla en það er sjóður hjá menntamálaráðuneytinu sem skólar geta sótt í – tenging við sveitarfélögin.
- Ég setti einnig hlekk á reglugerð um og starfsreglur stjórnar lýðheilsusjóðs en þar er talað um að eitt viðmiðað við úthlutun sé „gildi og mikilvægi verkefna fyrir lýðheilsu“. Mögulega mætti skoða hvernig þau leggja mat á gildi og mikilvægi verkefna til að fá innblástur um hvernig meta megji „þörf fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu“.
- Í reglugerðardrögunum fyrir Fiskeldissjóð kemur fram að stjórn skuli skilgreina áhersluatriði og forgangsöröðun verkefna í hverri úthlutun fyrir sig. Þetta mætti nýta þegar kemur að því að formera úthlutunarferlið, sjá t.d. í samantektinni um Framkvæmdasjóðinn hér að neðan dæmi um hvernig þau nýta sér þetta.

### Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

- Áherslur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir úthlutun 2021:

## × Úthlutun 2021

Í umsóknareyðublaði eru umsækjandi beðinn um að flokka umsókn sína eftir eðli verkefnis í annaðhvort flokk I eða II, eins og sjá má hér:

### I - (Ný) þjónusta/aðstaða á ferðamannastað / ferðamannaleið:

Um er að ræða:

1. Verkefni á stað, sem ekki er nú þegar skilgreindur sem ferðamannastaður en viðkomandi hefur áhuga að gera hann að slíkum - ný uppbygging.
2. Nýja þjónustu eða aðstöðu á þegar skilgreindum ferðamannastað. Framkvæmdin mun auka afköst staðarins/svæðisins og/eða tengist öryggi eða náttúruvernd.

### II - Úrbætur vegna náttúruverndar og/eða öryggis á ferðamannastað eða ferðamannaleið:

Um er að ræða:

1. Verkefni þar sem verið er að bæta eða lagfæra núverandi aðstöðu á ferðamannastað sem tengist öryggi eða náttúruvernd.
2. Aukin afköst við móttöku ferðamanna en þjónustustig er ekki hækkað. Ef um skipulags- og/eða byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða, þá þarf að velja I – (Ný) þjónusta/aðstaða á ferðamannastað / ferðamannaleið.

Við mat á umsóknum er litið til forsendna og eðlis verkefna. Umsóknir eru metnar og þeim gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða sem stjórn sjóðsins setur sér. Uppfylli umsókn ekki lögbundin skilyrði telst hún ekki styrkhæf og fellur hún þá ekki undir mat stjórnar. Umsækjendur eru hvattir til kynna sér [gæðamatsblað sjóðsins](#).

## Aðrar áherslur og ábendingar til umsækjenda

1. Umsækjendur eru hvattir til að vanda sig í hvívetna við gerð umsókna.
2. Áherslur Framkvæmdasjóðsins er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga koma m.a. fram í eftirfarandi ritum:
  - [Menningarstefna í Mannvirkjagerð](#)
  - [Góðir staðir - leiðbeiningarit um uppbyggingu ferðamannastaða](#)
  - ["Aðgengi fyrir alla" bæklingurinn](#)
  - [Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum](#)
- Lögd er áhersla á verkefni þar sem horft er til heildarmyndar ferðamannastaða og tengsl þeirra við skipulagsáætlanir.
- Styrkur er veittur til verkefna sem fyrirhuguð eru á ferðamannastöðum eða munu leiða til þess að staðirnir verða ferðamannastaðir.
- Í Framkvæmdasjóðnum eru veittir styrkir sem geta talist í þremur flokkum. Spurning hvort það væri eitthvað sem mætti skoða í Fiskeldissjóði – að ramma inn viðmið við úthlutun eftir flokkum. Þetta hefur einnig verið gert í Matvælasjóði.
- Framkvæmdasjóðurinn birtir gæðamatsblað á heimasíðu sinni en gæðaviðmið eru sett fyrir hverja úthlutun. Mögulega mætti nýta sér það form á einhvern hátt til að formera kröfur til verkefna í Fiskeldissjóðnum: [Hér](#) er tengill á gæðamatsblaðið til að skoða.
- [Hér](#) er upplýsingasíða Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um umsóknir.
- Reglugerðir sem gætu nýst stjórn Fiskeldissjóð til að móta umsóknarferlið:
  - [Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða](#)
  - [Umhverfissjóður sjókvíaeldis](#)
  - [Lýðheilsusjóður](#) (vistaður hjá Landlækni)
  - [Sprotasjóður leik-, grunn- og framhaldsskóla](#) (skólar eru styrkhæfir og nokkuð góð lýsing á því í reglugerð hvað þarf að fylgja umsókn svo hægt sé að meta hana)

- Ýmis gögn sem gætu komið að gagni
  - Matvælasjóður – starfsreglur stjórnar
  - Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóður – starfseglur stjórnar
  - Lýðheilsusjóður – starfsreglur stjórnar
  - Sprotasjóður leik-, grunn- og framhaldsskóla (leiðbeiningasíða v. úthlutunar 2021, m.a. viðmið við mat á umsóknum)
  - Handók Matvælasjóðs (leiðbeiningar til umsækjanda og innrömmun á kröfum sem gerðar eru til umsókna í hverjum flokki)
  - Umsóknargögn Matvælasjóðs – umsóknareyðublað og sniðmát fyrir kostnaðaráætlun
  
- Hér er kafli úr **handbók um sjóði og styrkveitingar** frá 2016 þar sem fjallað er um úrvinnslu og afgreiðslu umsókna, þ.m.t. viðmið við mat á umsóknum, sem ágætt væri að hafa til hliðsjónar:

Í reglum um sjóð og eftir atvikum einnig í auglýsingu um úthlutun styrkja er nauðsynlegt að tilgreina með fullnægjandi hætti þau viðmið og meginsjónarmið sem höfð verða til hliðsjónar við val á umsóknum. Mögulegir umsækjendur þurfa að geta gert sér grein fyrir kröfum sem verða gerðar svo þeir geti hagað umsóknum sínum í samræmi við það.

Kröfurnar þurfa að vera í eðlilegu samhengi við yfirlýst markmið með styrkjum og stuðla að jafnræði umsækjenda. Viðmið þurfa að vera eins skýr og hlutlæg og frekast er unnt þótt matið varði huglægt. Matið á sem minnst að vera háð smekk, gildismati eða persónulegum viðhorfum þeirra sem meta umsóknir og ákveða styrki.

Ákveða ætti innbyrðis vægi viðmiða fyrir fram. Sé ástæða til að meta umsóknir út frá huglægum þáttum eins og gildi eða mikilvægi ætti einungis að nota slík viðmið til að velja á milli umsókna sem eru að öðru leyti sambærilegar. Það þarf að vera hægt að sýna fram á að þættir sem ákvörðun um styrkveitingu er byggð á hafi verið metnir.

Reglur sjóðs mega ekki vera svo fortakslausar að þær afnemi eða takmarki sjálfstætt mat stjórnvalds á efni umsókna um styrki, t.d. að einungis megi taka til greina umsókn ef hún verður styrkt að fullu en að öðrum kosti verði umsókninni hafnað.<sup>18</sup> Slíkt myndi leiða til þess að umsóknir um hærri fjárhæðir væru fyrir fram útilokaðar og þarf því lagaheimild til að byggja á svo fortakslausri reglu. Á hinn bóginn er eðlilegt að umsækjandi geti sýnt fram á að verkefni sé fjármagnað að fullu, t.d. með framlagi annarra en úthlutun viðkomandi sjóðs, svo tryggt sé að verkefninu verði lokið. Leggja þarf mat á þessa þætti eftir því sem við á hverju sinni. Slíkar reglur skal birta þannig að umsækjendur geti kynnt sér þær fyrir fram, t.d. í auglýsingu um styrki eða á heimasíðu.

Í reglum komi fram matsþættir og viðmið við mat á umsóknum, svo sem:

1. Ekki er veittur hærri styrkur en nemur kostnaði við verkefni sem sótt er um. Styrkhafi skal sýna fram á útgjöld vegna verkefnisins áður en lokagreiðsla er innt af hendi.
2. Meta skal hversu vel verkefnið fellur að hlutverki, markmiðum og tímabundnum áherslum sjóðsins:
  - a. Meta rökstuðning fyrir því að verkefnið henti til að ná markmiðum sem sjóðnum er falið að styðja við með styrkveitingum.
  - b. Meta rök fyrir áætluðum ávinningi af nýtingu verkefnisins eða niðurstöðum þess sem getur til dæmis verið þekkingarlegur, umhverfislegur, hagrænn, félagslegur, listrænn eða menningarlegur.
  - c. Meta umfang afurða verkefnisins, bæði efnislegra gæða og þjónustu sem af leiðir eða hversu stór hópur nýtur þeirra. Til dæmis aðferðafræði, svo sem við rannsóknir eða framleiðslu; útgáfu og birtingu svo sem á ritverkum og greinum; forritagerð svo sem hugbúnað, reikniverk og gagnagrunna; framleiðsluefni og frumgerðir; tilgátusmíð, kannanir, rannsóknir, tilraunir og sannprófun; viðburði og sýningar, svo sem ráðstefnur, tónleikar og sýningar; fræðslu, námskeið og prófgráður; einkaleyfisumsóknir
3. Skýrir mælikvarðar séu fyrir hendi um áhrif verkefna.
  - a. Meta mikilvægi verkefnis fyrir þróun á því sviði sem sjóðurinn starfar.
  - b. Meta gæði verkefnis eða hugmyndar að baki því.
4. Meta hversu greinargóð umsókn og fylgigögn eru með tilliti til þess hvort upplýst er um mikilvæg atriði við ákvörðun um styrkveitingu. Hér er átt við umsóknir sem eru ekki frávísunarhæfar en er ólíklegt að séu styrkhæfar og kann því að vera skylt samkvæmt rannsóknareglu í 10. gr. stjórnsýslulaga og að kalla eftir nánari upplýsingum og gögnum áður en ákvörðun er tekin.
5. Meta hversu trúverðugt verkefnið er og hversu líklegt er að yfirlýst markmið þess náist. Dæmi um matsþætti:
  - a. Hvort skilgreining á verkefni er nægilega vönduð og trúverðug, þar með talin lýsing á aðferðarfræði, áætlanir um framkvæmd og upplýsingar um aðstæður eða umgjörð.
  - b. Trúverðugleiki áætlana um framkvæmd og fjárhag verkefnis.
  - c. Hvort verkefni telst fullfjármagnað að fengnum styrk úr sjóðnum.
  - d. Hvort líkur séu á að fjárhagsstaða umsækjenda hafi góð áhrif á framkvæmd verkefnisins.
  - e. Hvort starfsferill og/eða faglegur bakgrunnur umsækjanda og annarra lykilþátttakenda í framkvæmd verkefnisins gefi vísbendingu um trúverðuga framkvæmd þess.
  - f. Hvort umsækjandi hafi eða muni koma á nauðsynlegu samstarfi við aðra um framkvæmd verkefnisins.
6. Meta hagnýtt gildi verkefnis fyrir þátttakendur, leiði slíkt af markmiðum með styrkjum:
  - a. Meta mikilvægi verkefnis fyrir þróunarstarf innan stofnunar eða annarra rekstrareininga

- b. Meta mikilvægi verkefnis fyrir samstarf á milli stofnana eða annarra rekstrareininga.
7. Meta hagnýtt gildi verkefnisins fyrir aðra en þá sem taka þátt í því, leiði slíkt af markmiðum með styrkjum:
- a. Meta hvort verkefnið eða afurðir þess nýtist fleirum sem starfa á sama sviði og umsækjandi.
  - b. Meta hagnýtt gildi verkefnis fyrir almenning.
  - c. Meta hagnýtt gildi verkefnisins fyrir atvinnulífið.
  - d. Meta hvort verkefnið eykur fjölbreytni þjónustu og bætir fyrir markaðsbrest.
8. Meta gildi verkefna sem eru að öðru leyti sambærileg.
- a. Meta fræðilegt gildi verkefnis fyrir undirstöður starfs á tilteknu sviði.
  - b. Meta nýnæmi fyrir þekkingu á sviði fræðigreinar.
  - c. Meta listrænt, menningarlegt eða fagurfræðilegt gildi.
  - d. Meta mikilvægi fyrir starf eða árangur starfs á ákveðnu sviði.
  - e. Meta mikilvægi fyrir nýsköpun og þróun á tilteknu sviði.